

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, mánudaginn 23. ágúst kl. 13:00 var haldinn 308. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað. Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Björn Gíslason í fjarveru Hildar Björnsdóttur, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Fulltrúi starfsmanna var fjarverandi. Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

Formaður setti fundinn og bað varaformann, með leyfi stjórnar, að taka að sér fundarstjórn, þar sem formaður tók þátt um fjarfundabúnað.

1. Fundargerð SF 307 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður undirrituð rafrænt.
2. Klukkan 13:10 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins, lagði fram og kynnti hálfársuppgjör Orkuveitu samstæðunnar, ásamt Bryndísi Mariu Leifsdóttur, forstöðumanni reikningshalds.

Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi frá Grant Thornton, mætti til fundarins og kynnti könnunarskýrslu vegna fyrstu 6 mánuði ársins 2021, dags. 23. ágúst 2021. Umræður.

Lagt fram bréf endurskoðunarnefndar, dags. 18. ágúst 2021.

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd fékk kynningu á árshlutareikningi OR og könnunarskýrslu Grant Thornton vegna fyrstu 6 mánaða ársins 2021. Endurskoðunarnefnd telur að árshlutareikningurinn sé tilbúinn til framlagningar í stjórn OR.

Árshlutareikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða. Reikningurinn verður undirritaður rafrænt.

- Klukkan 13:43 yfirlögðu Davíð og Bryndís fundinn.

Ingvar Stefánsson kynnti stöðu fjármögnunar OR.

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir mætti til fundarins kl. 14:02.

3. Lagt fram minnisblað um forðagæslu, dags. 19. ágúst 2021. Umræður.
4. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 19. ágúst 2021, um starfsemina á milli stjórnarfunda. Forstjóri lagði jafnframt fram minnisblað, dags. 18. ágúst 2021 um stefnumiðaða stjórnun í samstæðu OR og næstu skref. Umræður.
5. Önnur mál.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita Elínu Smáradóttur, yfirlögfræðingi fyrirtækisins, kt. 240768-5269, prókúruumboð og felur henni að tilkynna um það til fyrirtækjaskrár.

Samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:10.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 27. september 2021.

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon
Eyþór Laxdal Arnalds
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir
Björn Gíslason
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir